

Nýr Landspítali við Hringbraut

Undirbúningsvinna

2002-2011



NÝR LANDSPÍTALI

Yfirlit

Nokkrar staðreyndir um sögu undirbúnings að byggingu nýs Landspítala við Hringbraut.	3
30. janúar 2002: Landspítali byggður upp við Hringbraut, hagkvæmasti kosturinn:	3
12. október 2005 Skipulag lóðar nýs Landspítala – kynning vinningstillögu.....	5
7. september 2007 Ný drög að skipulagi nýs háskólasjúkrahúss:	7
14. ágúst 2008 Skipulagsráð gefur grænt ljós á hönnunarsamkeppni nýs háskólasjúkrahúss: ..	8
30. janúar 2009 Gögn fyrir hönnunarsamkeppni tilbúin:	8
6. febrúar 2009 Landspítala falin umsjón:	10
19. mars 2009 Engin stefnubreyting varðandi nýtt háskólasjúkrahús:.....	10
21. apríl 2009: Ávinningur af því að sameina rekstur landspítala..... metinn á 19 milljarða króna:	13
7. maí 2009 Marka þarf stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu:	16
4. nóvember 2009 Verkefnisstjórn vegna fjármögnunar Landspítala skipuð:	17
4. nóvember 2009 Sameiginleg viljayfirlýsing Lífeyrissjóða og ríkisstjórnar um nýjan landspítala:	17
11. desember 2009 Spítalaverkefnið komið á skrið að nýju:	18
28. desember 2009 Forval vegna samkeppni um hönnun á nýjum Landspítala:	19
12. mars 2010 Keppnislýsing afhent:	20
15. júní 2010 Nýr Landspítali ohf,:	21
9. júlí 2010 Vinningstillaga Spítal kynnt:	22
27. ágúst 2010 Samningur við Spítal:	22
4. mars 2011 Vinna við deiliskipulag nýs Landspítala komin vel á skrið:	23

Nokkrar staðreyndir um sögu undirbúnings að byggingu nýs Landspítala við Hringbraut.

Nýr Landspítali ohf er stofnað samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í júlí 2010, með heimild í lögum nr. 64/2010 um stofnun opinbers hlutafélags. Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.

Aðdragandi byggingar nýs Landspítala er orðinn langur en eftir sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans í mars 2000 var ljóst að ekki yrði lengur vikist undan því að hefjast handa ef markmið sameiningarinnar um eflingu faglegrar þjónustu og aukið hagræði ætti að ná fram að ganga.

Hér eru tekin saman helstu tímamót í sögu verkefnisins í tímaröð. Upplýsingar eru sóttar á vefinn: www.nyrlandspitali.is

30. janúar 2002:

Landspítali byggður upp við Hringbraut, hagkvæmasti kosturinn:

Þetta er meginniðurstaða nefndar sem Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði með bréfi 31. maí 2001 til að fjalla um og gera tillögu um framtíðaruppbyggingu Landspítalans. Nefndin skilaði ráðherra endanlegri tillögu sinni í morgun.

Formaður nefndarinnar er Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrv. heilbrigðis- og tryggingamála-ráðherra, en aðrir nefndarmenn eru Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, og Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands. Ritarar starfsnefndarinnar voru skipuð þau Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri tækni og eigna á Landspítalans. Strax var ákveðið í samráði við ráðherra að ritarar tækju fullan þátt í nefndarstarfinu.

Nefndinni var falið að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss og gera grein fyrir þeim möguleikum sem helst eru taldir koma til greina, greina kosti og galla og að síðustu leggja fram tillögur um staðsetningu og hvernig standa bæri að uppbyggingu spítalans.

Nefndin skoðaði fyrst og fremst þrjá uppbyggingarkosti:

- Á Vífilstaðalandi,
- í Fossvogi, og
- við Hringbraut.

Leitað var til innlendra og erlendra sérfræðinga og haldnir fjölmargir kynninga- og umræðufundir með þeim sem málið varða.

Eins og áður sagði leggur starfsnefndin til að öll starfsemi Landspítalans verði á einum stað, við Hringbraut, og að nýbyggingar rísi aðallega sunnan núverandi Hringbrautar.

Meginrök fyrir þessari niðurstöðu eru að kostnaður við útfærsluna er minnstur, m.a. vegna bygginganna sem fyrir eru á lóðinni og nýta má til starfseminnar, nálægð við Háskóla Íslands tryggir nauðsynlega samvinnu tveggja mikilvægra stofnana, möguleikar til áframhaldandi uppbyggingar eru tryggðir, aðgengi þeirra sem nýta sér þjónustu spítalans og starfsmanna verður gott, þegar gatnakerfi hefur verið lagfært.

Þegar öll starfsemi Landspítalans verður komin á sama stað mun skilvirkni í starfseminni aukast.

- Það kemur sjúklingum mjög til góða að geta gengið að allri þjónustu sjúkrahússins á einum stað.
- Samvinna innan sérgreina og milli þeirra eflist og þannig næst árangursríkara faglegt starf.
- Samþjöppun sérþekkingar leiðir jafnframt til betri þjónustu við sjúklinga, meiri virkni í vísindastarfi og markvissari kennslu heilbrigðisstétta.
- Með mikilli nálægð starfseininga og betur skipulögðu húsnæði næst hagræðing í rekstri sem ætla má að spari stofnkostnað vegna nauðsynlegra framkvæmda á nokkrum árum.
- Þá er hagræði fyrir starfsmenn mikið, að öðrum kosti þyrftu margir þeirra áfram að stunda störf sín á mörgum vinnustöðum. Jafnframt verður öll stjórnun og ýmiss konar samræming auðveldari. Slíkt er ótvírætt til þess fallið að bæta bæði rekstur og faglegt starf.

Þetta eru rökin sem sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 byggðist á, en hún hefur þegar skilað mikilsverðum árangri. Fullur árangur næst þó ekki nema hægt verði að ljúka sameiningu sérgreina og skyldra starfseininga sem nú stendur yfir. Í mörgum tilvikum er það aðeins hægt með því að sameina alla starfsemi háskólasjúkrahússins á einum stað.

Rísi nýbyggingar Landspítalans sunnan Hringbrautar þýðir það meðal annars:

- Greiðfært verður fyrir sjúklinga, starfsmenn og gesti að loknum fyrirhuguðum framkvæmdum við umferðamannvirki í kringum Hringbraut.
- Lóð Landspítalans við Hringbraut liggur vel við almenningsgöngum og fyrirhugað er að byggja nýja umferðarmiðstöð í nágrenni hennar.
- Nálægð við Háskóla Íslands, sem ætlar áfram að byggja við Læknagarð fyrir heilbrigðisvísindadeildir, þekkingarþorp og fleiri rannsóknastofnanir, veitir kennslu- og fræðahlutverki Landspítalans mikilvægan stuðning og eflir um leið þjónustu við sjúklinga.
- Miklir möguleikar eru taldir á áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu.

Kostnaður við uppbyggingu við Hringbraut er minnstur af fyrirbyggjandi valkostum, m.a. þar sem mest af nýtanlegum byggingum er þar. Ætla má að stytan tíma taki að sameina starfsemina á einni lóð við Hringbraut meðal annars vegna þess að þar er fyrir nýr barnspítali, kvennadeild og geðdeild.

12. október 2005

Skipulag lóðar nýs Landspítala – kynning vinningstillögu

Hópur sem skipaður er íslensku arkitektastofunni Arkitektur.is, Verkfræði-stofu Norðurlands, norsku verkfræðistofunni SWECO Grøner og dönsku arkitekta- og landslagsarkitektastofunum C.F. Møller og Schønherr Landskab bar sigur úr bítum í samkeppni um deiliskipulag á lóð Landspítala–háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Niðurstaða dómnefndar var kynnt heilbrigðisráðherra við hátíðlega athöfn í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, í dag.



Vinningshópurinn í skipulagssamkeppninni.

1.febrúar 2006

Upphafsfundur um hönnun nýs Landspítala

Undirbúningur fyrir hönnun nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss hófst fyrir alvöru í dag með fundi framkvæmdanefndar nýbyggingar Landspítala með hátt á þriðja hundrað starfs-mönnum spítalans og ráðgjöfum sem ráðnir hafa verið til að sinna tilteknum verkefnum. Við sama tækifæri undirritaði Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og fulltrúi danska fyrirtækisins CF Møller samkomulag um gerð deiliskipulagstillögu.

Fjörutíu og fjórir notendahópar tæplega 300 starfsmanna munu á næstu mánuði taka þátt í þarfagreiningu vegna hönnunar nýs spítala, en hlutverk þeirra er að taka saman nákvæmt yfirlit yfir starfsemi sem fram á að fara á hinum nýja spítala og hvernig þeirri starfsemi yrði best fyrir komið



Samkomulag um gerð deiliskipulagstillögu undirritað. Mynd: -áþj

15. júní 2006

Deiliskipulagsferli vegna byggingar nýs Landspítala hafið:

80 ár í dag frá því að hornsteinn var lagður að gamla Landspítalahúsinu

Á sjötta tug gesta mættu á [opinn fund](#) framkvæmdanefndar um nýtt háskólasjúkrahús og skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í Ráðhúsinu í dag þar sem formlega var hleypt af stokkunum vinnu við deiliskipulag nýja sjúkrahússins sem á að rísa í áföngum á Landspítalalóðinni. Við sama tækifæri var ný heimasíða verkefnisins formlega opnuð.

Í máli Alfreðs Þorsteinssonar, formanns framkvæmdanefndarinnar, kom m.a. fram að staðarval nýs sjúkrahúss sé ekki lengur á dagskrá, sú ákvörðun hafi verið tekin fyrir nokkrum árum. Nú liggja fyrir að byggja nýtt sjúkrahús við Hringbraut og það sé von þeirra sem að framkvæmunum standa að sem mest sátt skapist um verkefnið og það samráðsferli sem nú væri að hefjast leiddi til góðrar niðurstöðu um skipulag svæðisins. Formaður framkvæmdanefndarinnar notaði jafnframt þetta tækifæri til að opna nýja heimasíðu verkefnisins og naut við það aðstoðar varaformanns nefndarinnar, Ingu Jónu Þórðardóttur.

26. janúar 2007

Parfagreiningu fyrir nýtt háskólasjúkrahús lokið:

Parfagreiningu sem nær til starfsemi Landspítala sem á að byggjast upp við Hringbraut og starfsemi heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands er nú lokið. Hátt í þrjúhundruð starfsmenn Landspítalans og Háskóla Íslands hafa unnið að þessu verkefni á undanförunum misserum í á fimmta tug starfshópa. Hafa þeir reynt að skyggjast 20 ár fram í tímann og áætla framtíðarstarfsemi háskólasjúkrahúsins, út frá mannföldaspá, aldurssamsetningu þjóðarinnar og áætlaðri þróun í meðferðarúrræðum.



Hugmynd að útfærslu andýris nýs háskólasjúkrahús.

Helstu niðurstöður parfagreiningarinnar eru varðandi Landspítalann að legurúm á Hringbrautarlóðinni þurfi að vera 604. Þar af verða 87 rúm á geðdeildum en 517 á sómatískum legudeildum. Til samanburðar eru nú 212 sómatísk legurúm í Fossvogi og 267 við Hringbrautina. Samkvæmt parfagreiningunni þarf því að fjölga sómatískum rúmum um 38. Helstu ástæðurnar fyrir fjölgun rúma er aukning í mannfjölda og fjölgun aldraðra en á móti er áætlað að þróun meðferðarúrræða muni draga úr rúmafjölda. Allar sjúkrastofur verða rúmgóð einbýli með sér snyrtingu.

Til viðbótar þessu verður 80 rúma sjúkrahótelu á Hringbrautarlóðinni.

Húsnæðisþörf HÍ

Húsnæðisþörf heilbrigðisvísindadeilda Háskólans er samtals 35.000 fermetrar, samkvæmt parfagreiningunni sem tekur til allra heilbrigðisvísindadeilda, svo sem læknisfræði, hjúkrunarfræði, geislafræði, lífeindafræði, lyfjafræði, sjúkraþjálfunar, ljósmóðurfræði, næringarfræði og tannlækninga. Parfagreiningin nær einnig til Tilraunarstöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Húsnæði heilbrigðisvísindadeildanna verður staðsett víða á lóðinni en aðallega þó í sérbyggingum á svokölluðum Umferðarmiðstöðvarreit. Jafnframt verður sameiginlegt rými Landspítala og Háskólans í Lífvísindasetri, þar sem verður meðal annars bókasafn, mötuneyti og ýmsar heilbrigðisvísindaeildir. Þá verður víða inni í nýjum sjúkrahúsbyggingum aðstaða til kennslu og rannsókna.

7. september 2007

Ný drög að skipulagi nýs háskólasjúkrahúss:

Ný drög að innra skipulagi nýs háskólasjúkrahússins og heilbrigðisvísindadeilda voru nýlega lögð fram af ráðgjafafyrirtækinu CF Møller, í framhaldi af hinni ítarlegu þarfagreiningavinnu sem lauk fyrir á árinu. Í framhaldinu hafa notendahópar á vegum Landspítala og Háskóla Íslands unnið ötullega með stýrinefndum að frekari rýni á þessum nýju drögum að innra skipulagi sjúkrahússins.

Hægt er að kynna sér þessi nýju drög að innra skipulagi spítalans á vefsíðu verkefnisins.



Líkan að nýju háskólasjúkrahúsi, séð úr suðri.

11. mars 2008:

Frumathugun lokið:

Í lok febrúar skilaði hönnunarteymi af sér skýrslu um frumhönnun nýs háskólasjúkrahúss. Skýrslan tekur til starfsemi Landspítala, heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskólans Íslands í meinafræði að Keldum. Erindi hefur verið sent til ráðuneyta með beiðni um leyfi til að hefja endanlega hönnun.

Í frumhönnuninni er öllum deildum og herbergjum komið fyrir samkvæmt þarfagreiningu. Einstaka deildir svo sem slysa- og bráðadeild hafa verið unnar ítarlegar en venja er á þessu stigi undirbúnings en teikningar eru unnar í þrívídd sem nefnist 3D/BIM líkan.



Við frumathugun var víðtækt samráð við starfsmenn þessara þriggja stofnana og komu um 300 þeirra að undirbúningnum. Stýrinefndir innan Landspítala og Háskóla Íslands hafa í samvinnu við framkvæmdastjóra verkefnisins og nefnd um bygginguna samræmt vinnu starfsmanna í notendahópunum. Þá hefur verið leitað til fyrrverandi sjúklinga, aðstandenda og annarra aðila úr samfélaginu við undirbúninginn. Þessir aðilar unnu með fulltrúum bandarísku samtakanna Planetree (planetree.org) að því að skilgreina hvernig sjúkrahúsumhverfi hentar best íslensku samfélagi og stuðlar að vellíðan sem flestra.

Við frumathugunina hafa verið gerðar töluverðar breytingar á skipulagi sjúkrahússins. Þar má nefna að legudeildarálmur eru nú tvær í stað fjögurra í upphaflegri tillögu. Legurýmum hefur þó

ekki fækkað. Legudeildir eru skipulagðar sem T-laga bygging en með því styttest vegalengdir innan deilda. Rannsóknarstofur spítalans og Háskólans eru nú í sömu byggingu sem liggur á mörkum spítalans og háskólans. Við hönnun slysa- og bráðadeildar er fyrirmynd sótt til Spartanburg í suður Carolinu, en hönnun bráðamóttökunnar þar þykir vel heppnuð. Nokkrir starfsmenn Landspítala heimsóttu bráðamóttökuna í Spartanburg í september 2007 ásamt hönnuði C F Möller.

29. maí 2008

Umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun:

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur gert úttekt á frumathugun nýs háskólasjúkrahúss að beiðni fjármálaráðuneytisins og þar með einnig á kostnaðarmati því sem ráðgjafar verkefnisins unnu í byrjun þessa árs og endurspeglar breytingar sem þá höfðu verið gerðar á verkefninu. Fram kemur í niðurstöðu umsagnar Framkvæmdasýslu ríkisins að vinna við frumathugun við nýtt háskólasjúkrahús sé fagmannlega og ítarlega unnin og uppfylli í öllum atriðum kröfur fjármálaráðuneytisins um gerð frumathugana.

14. ágúst 2008

Skipulagsráð gefur grænt ljós á hönnunarsamkeppni nýs háskólasjúkrahúss:

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að hönnunarsamkeppni vegna nýs háskólasjúkrahúss geti hafist. Jafnframt liggur fyrir að skipulagsstjóri Reykjavíkur komi að gerð endanlegs texta samkeppnislýsingar vegna hönnunarsamkeppninnar.



Að undanfögnu hefur verið unnið að tillögu að deiliskipulagi lóðar Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut og hafði nefnd um byggingu nýs háskólasjúkrahúss óskaði eftir staðfestingu skipulagsráðs á þeim forsendum sem tillagan byggir á.

Nú er beiðin samþykkis samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir varðandi undirbúning hönnunarsamkeppninnar en strax og það liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsa formlega hönnunarsamkeppni vegna nýs háskólasjúkrahúss.

30. janúar 2009

Gögn fyrir hönnunarsamkeppni tilbúin:

Gögn fyrir hönnunarsamkeppni um nýtt háskólasjúkrahús eru nú tilbúin og er áætlað að samkeppnin, með dómnefndarstörfum og samningum, taki um 7-8 mánuði. Hönnun nýja spítalans gæti hafist af fullum krafti í september næstkomandi ef heimild verður veitt fljótlega fyrir samkeppninni. Allt að 100 hönnuðir fá vinnu við



lokahönnun spítalans og þörf er á 500 manns í viðbót þegar framkvæmdir hefjast.

Nýtt háskólasjúkrahús er verkefnisheiti fyrir nýbyggingar Landspítala, heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Brýn þörf er á að hrinda verkefninu í framkvæmd því núverandi húsnæði Landspítalans er gamalt og stenst ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru.

Á nýja spítalanum verða álíka mörg sjúkrarúm og eru nú við Hringbraut og í Fossvogi, eða um 430 rúm, auk fæðingardeildar, barnspítala og geðdeildar í eldra húsnæði.

- Nýbyggingar fyrir Landspítala verða um 130.000 m²
- Nýbyggingar fyrir heilbrigðisvísindasvið og Keldur verða um 35.000 m²
- 1.500 stæða bílahúsi fyrir alla lóðina verður 40-45.000 m²

Kostnaðarmat

Verkefnið er unnið samkvæmt lögum um opinberar framkvæmdir og er áætlaður kostnaður við nýtt sjúkrahús samtals um 82 milljarðar króna, á verðlagi í febrúar 2009, samkvæmt kostnaðarmati ráðgjafarteymisins sem annaðist forhönnun háskólasjúkrahússins. Helstu kostnaðarliðirnir eru:

- Byggingakostnaður nýs Landspítala: 70 milljarðar króna.
- Húsgögn og tæki nýs Landspítala: 12 milljarðar króna.

Byggingakostnaður við húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskólans - þar sem verða til húsa læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun, lyfjafræði, sálfræði, tannlækningar, matvæla- og næringarfræði, geislafræði og lífeindafræði - og húsnæði Keldna er um 12 milljarðar króna. Kostnaður við húsgögn og tæki heilbrigðisvísindasviðs og Keldna er áætlaður 5 milljarðar króna og áætlað er að 1.500 stæða bílahús kosti 5 milljarða króna.

Áætlað er að liðlega helmingur byggingakostnaðar séu vinnulaun við byggingarframkvæmdina og hönnun.

Umtalsverður rekstrarsparnaður

Útreikningar sýna að árlegur sparnaður í rekstri við að flytja starfsemi spítalans í nýtt húsnæði verði 3-5 milljarðar króna. Sparnaðurinn næst fyrst og fremst með sameiningu tveggja áþekkra sjúkrahúsa (Hringbraut og Fossvogi), nýju húsnæði sem hentar starfseminni, færri sýkingum, aukinni áherslu á dag- og göngudeildarstarfsemi og öflugum sjúklingahótelum. Þá er ótalin sparnaður vegna nýrra upplýsingakerfa en erlendis sýnir reynslan að sparnaður er á bilinu 8-12%, bara við það eitt að fá nýtt húsnæði fyrir starfsemina, auk þess sem á Landspítala er einnig verið að sameina tvo spítala. Þá losnar húsnæði í Fossvogi sem má selja upp í byggingarkostnað eða nýta fyrir aðra heilbrigðisþjónustu.

Staða undirbúnings og hönnunarsamkeppni

Tæpt ár er nú frá því að lokið var við frumathugun, sem byggir á ítarlegri þarfagreiningu, frumteikningum, tæknilýsingu og herbergjalista, og er nú beðið eftir heimild til að hefja frekari áætlanagerð og útlitshönnun spítalans. Gögn vegna fyrirhugaðar hönnunarsamkeppni eru tilbúin og er áætlað að slík samkeppni, með dómnefndarstörfum og samningum, taki um 7-8 mánuð, þannig að hönnun gæti hafist af fullum krafti í september á þessu ári ef grænt ljós verður gefið fljótlega á verkefnið. Fjármunir til hönnunarvinnu á árinu 2009 liggja fyrir samkvæmt fjárlögum.

Ákveðið er að íslenska verði tungumál samkeppninnar og einnig er gerð krafa um að það

hönnuðateymi sem ber sigur úr bítum í samkeppninni verði með verkefnaskrifstofu í námunda við Landspítalann. Áformað er að hefjast handa strax að lokinni samkeppninni við lokahönnun spítalans og er áætlað að allt að 100 hönnuðir muni fá vinnu við það verkefni.

Framkvæmdir og mannaflapörf

Í áætlunum fyrir verkefnið hefur verið gert ráð fyrir því að byggingaframkvæmdir gætu hafist rúmlega einu áru eftir að hönnunarsamkeppninni lýkur. Það væri hægt að stytta þann tíma með því að flýta útboði vegna undirbúnings lóðar og jarðvinnu og gætu framkvæmdir þá jafnvel hafist upp úr miðju ári 2010.

Miðað við núverandi verkáætlun á byggingu sjúkrahússins að vera lokið árið 2017. Mannaflapörf vegna framkvæmda er áætluð um 500 manns, fyrir utan þá sem vinna að hönnun spítalans. Hægt væri að hraða verkinu nokkuð með breyttri áfangaskiptingu og yrði mannaflapörfin þá meiri, eða sem nemur styttingu verktímans.

6. febrúar 2009

Landspítala falin umsjón:

Heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að gera breytingar á skipulagi undirbúningsvinnu nýs háskólasjúkrahúss.

Undirbúningur hefur síðustu þrjú árin verið á vegum sérstakra byggingarnefnda heilbrigðisráðuneytisins. Ákveðið hefur verið að umsjón með undirbúningsvinnu vegna byggingar nýs háskólasjúkrahús flytjist til Landspítala.

19. mars 2009

Engin stefnubreyting varðandi nýtt háskólasjúkrahús:

Engin stefnubreytingin er hjá stjórnvöldum varðandi uppbyggingu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut en umsjón með verkefninu hefur verið flutt til Landspítala og er nú unnið að því, í samráði við Háskóla Íslands, að leita leiða sem geta auðveldað framgöngu verkefnisins.



Þetta kom fram í svari Ögmundar Jónassonar heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi ráðherra heilbrigðismála, um hvað liði áformum um nýtt háskólasjúkrahús og hvort stefnubreyting hefði orðið hjá stjórnvöldum hvað uppbyggingu þess varðar.

Umsjón með undirbúningi nú á forræði Landspítala

Guðlaugur Þór sagði að allir landsmenn vissu að þörf væri á úrbótum í húsnæðismálum Landspítalans og bágt efnahagsástand mætti ekki verða til þess að slá fyrirhuguðum framkvæmdum á frest. Þvert á móti væri kjörið að ráðast í svo mannaflsfrekar framkvæmdir nú. Hann minnti á að hagræðing og sparnaður af sameiningu spítalans á einum stað ætti að skila 3-5 milljörðum króna á ári en jafnframt væri mikilvægt að tryggja sem hagkvæmasta framkvæmd

verkefnisins. Því hefði hann sem heilbrigðisráðherra fallist á beiðni forstjóra Landspítalans í janúar síðastliðnum um að færa til spítalans umsjón með undirbúningsvinnu vegna byggingarinnar. Með því móti gæti Landspítali nýtt í meiri mæli eigin krafta við undirbúningsvinnuna jafnframt því sem spítalanum var gert að yfirfara stöðuna varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir og kostnað, gera samanburð á svokallaðri 0-analýsu sem unnin var árið 2008 og fyrirbyggjandi áformum, og leggja fram a.m.k. tvo valkosti til viðbótar við fyrirbyggjandi áform þar sem sýnt væri fram á minni kostnað og framkvæmdaáætlun sem gæti tryggt byggingu nýs háskólasjúkrahúss.



Norskir sérfræðingar skila tillögum um mánaðamót

Heilbrigðisráðherra staðfesti að undirbúningur verkefnisins hefði verið fluttur til Landspítala, að frumkvæði forsvarsmanna þar, og hefði hann átt fund í gær með forstjóra Landspítala og fleirum til að fara yfir málið. Upplýsti ráðherra að unnið væri að greiningu og framsetningu valkosta um uppbyggingu og áfangaskiptingu verkefnisins með

norskum sérfræðingum í starfsemi sjúkrahúsa. Tillögur þeirra eru væntanlegar fyrir mánaðamót en markmiðið með þeirri vinnu er að leita leiða til að draga úr fjárfestingu og halda áfangaskiptingu nýja spítalans þannig að ávinningur skili sér sem fyrst.

Megum ekki láta tímabundna erfiðleika villa okkur sýn

Hvað varðaði fyrirspurn Guðlaugs Þórs um hvort stefnubreyting hefði orðið í málinu sagði heilbrigðisráðherra að svo væri ekki. „Uppbygging nýs Landspítala er verkefni sem tekur langan tíma og við megum ekki láta tímabundna erfiðleika í fjármálum þjóðarinnar villa okkur sýn,“ sagði heilbrigðisráðherra og bætti við að draga mætti saman í fjórum áherslupunktum nauðsyn uppbyggingar nýs Landspítala:

- Við blasi að Íslendingar dragist aftur úr öðrum þjóðum og fjarlægist ár frá ári skýr markmið laga um heilbrigðisþjónustu um að „allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði“ eins og segir í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40 frá 2007. Það sé mat sérfræðinga að núverandi húsakostur standist engar kröfur um nútíma sjúkrahúsrekstur, nauðsynleg endurnýjun tækja sé erfiðleikum háð eða jafnvel ekki gerleg í núverandi húsakynnum spítalans og sífellt erfiðara verði að fá sérmenntað fagfólk heim frá námi og eða starfi í útlöndum ef ekki verði boðið upp á nútímalegt umhverfi og starfsaðstæður á háskólasjúkrahúsi Íslendinga.
- Landspítali þjóni landsmönnum öllum og hafi við þá skyldur sem sífellt verði erfiðara að standa við á tímum sem auknar kröfur séu gerðar til heilbrigðisþjónustu og þjóðin eldist hlutfallslega. Nútímalegt háskólasjúkrahús sé einskonar „móðurskip heilbrigðisþjónustunnar“ og nauðsynlegt sem slíkt en önnur sjúkrahús hafi hlutverki að gegna í héraði og skilgreindum hlutverkum að gegna í heilbrigðiskerfinu í heild. Landspítali sé eina háskólasjúkrahús landsins og hafi skyldur sem slíkt samkvæmt heilbrigðislögum en geti illa eða ekki staðið undir þeim án verulegra úrbóta í húsnæðismálum, að mati forsvarsmanna Landspítala.
- Tryggja þurfi öryggi sjúklinga eins vel og kostur er og þar skipti umgjörðin miklu máli. Vísað sé til þess að smitvarnir í núverandi húsnæði séu ófullnægjandi og nefnt sem dæmi að margir sjúklingar samnýti snyrtiaðstöðu á legudeilum. Jafnframt sé bent á að sjúklingar

verði að óbreyttu sendir í auknum mæli til útlanda til greiningar og meðferðar, með tilheyrandi óþægindum, áhættu og kostnaði fyrir samfélagið ef ekki er ráðin bót á í húsnæðismálum. Í þessu sambandi er tekið sem dæmi svokallað PET-scan tæki sem orðið sé sjálfsgæður hluti af tæknibúnaði sjúkrahúss á borð við Landspítala, notað við að greina umfang krabbameinsæxla og finna meinvörp fyrr en mögulegt er með öðrum aðferðum, og er bent á að hvergi sé hægt að finna slíku tæki stað í núverandi húsakynnum Landspítalans.

- Þá fyrst sé unnt að ná fram til fulls hagræðingu og sparnaði í rekstri sem sóst var eftir á sínum tíma með sameiningu Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, 3-5 milljörðum króna á ári. Þetta sé eitt þeirra atriða sem bent hafi verið á af hálfu forsvarsmanna Landspítalans, að það sé þegar upp er staðið „dýr kostur að gera ekki neitt!“

Fagna áframhaldandi framkvæmdum

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður vinstri grænna, fagnaði svörum ráðherra um að áfram væri unnið að undirbúningi og framkvæmdum. Hún sagði að fjármunir eyrnamerkir framkvæmdinni sem fengust með sölu Símans hefðu horfið „inn í hítina“ en það skipti máli að halda áfram með verkefnið, m.a. til að halda uppi atvinnu. Í sama streng tók Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Það væri eftir miklu að slægjast með byggingu nýs háskólasjúkrahúss sem leiða myndi til 15% hagræðingar í spítalarekstrinum. Því væri mikilvægt að halda verkefninu áfram eins og menn gætu þrátt fyrir erfitt árferði og Framsóknarmenn leggðu mikla áherslu á að þetta mál yrði klárað. Guðlaugur Þór lýsti einnig yfir mikilli ánægju með svör ráðherra og sagði rétt að það væri dýrt að gera ekki neitt. Þá þurfi að gera eitthvað annað, menn viti ekki hvað það kosti og þá næst ekki fram umrædd hagræðing. Hann sagði jafnframt rétt að halda því til haga að aðkoma nýs forstjóra Landspítalans að málinu og reynsla hennar frá Noregi hafi skipt máli og einnig vildi hann vekja athygli á því að það væri framsýni fyrrverandi byggingarnefndar að þakka – undir forystu Ingu Jónu Þórðardóttur – að útboð verkefnisins yrði á íslensku og myndi þar af leiðandi skapa Íslendingum, arkitektum og fleirum, störf og því væri þetta verkefni sem hentaði vel við núverandi aðstæður, þrátt fyrir tímabundna efnahagserfiðleika.

Heilbrigðisráðherra átti lokaorðin í umræðunni og ítrekaði að engin stefnubreyting hefði orðið í málinu. Taldi hann að það hefði verið heillaskref hjá Landspítala að fá undirbúningsvinnuna til sín og endurmeta málið með aðstoð sérfræðinga en með því væri ekki verið að kasta rýrð á þá vinnu sem þegar hefði farið fram. Kostnaður við verkefnið hljóðaði upp á um 70 milljarða króna en þar á móti kæmu einhverjar tekjur af sölu eigna. Sú vinna sem nú færi fram miðaði að því að lækka kostnað og gera framkvæmdina gerlega miðað við þær erfiðu aðstæður sem við nú byggjum við. Jafnframt þyrfti að endurnýja tæki og húsgögn og sá kostnaður væri metinn á um 12 milljarða króna og þar beri að hafa í huga að sú endurnýjun þurfi að fara fram, óháð því hvort ráðist verði í nýja byggingu.

21. apríl 2009:

Ávinningur af því að sameina rekstur landspítala metinn á 19 milljarða króna:

Sérfræðingar norsku hönnunar- og ráðgjafarfyritækjanna **Momentum Arkitekter AS** og **Hospitalitet AS** telja

- ávinninginn af því að sameina rekstur Landspítala vera um 19 milljarða króna á núvirði til næstu 40 ára.
- **mun dýrara fyrir íslenskt samfélag að reka Landspítalann áfram við núverandi aðstæður í Fossvogi og við Hringbraut en að sameina reksturinn.**
- hagkvæmast að byggja við núverandi Landspítala við Hringbraut í fyrsta áfanga og nýta áfram flest hús sem fyrir eru á lóðinni.
- unnt að áfangaskipta verkefninu í heild þannig að viðráðanlegra verði að hrinda því í framkvæmd og **spara 6% í rekstri spítalans** strax að loknum fyrsta áfanga, sem svarar til ríflega tveggja milljarða króna á ári.



Frá kynningarfundinum í anddyri K-byggingar Landspítalans í dag. Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri teki og eigna, Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Jóhannes Gunnarsson verkefnisstjóri, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala. Myndir: -arh

Til viðbótar þessum efnahagslegu rökum sérfræðinganna ber að nefna að Landspítali býr við úr sér genginn húsakost með tilheyrandi erfiðleikum og óhagræði í daglegri starfsemi og minna öryggi fyrir sjúklinga en unnt er að una við, aðstæður fyrir sjúklinga og starfsfólk sem standast ekki nútímakröfur og vaxandi vandamál við að fá menntað íslenskt fagfólk heim úr námi eða starfi erlendis til vinna á Landspítalanum.

Framkvæmdir, kostnaður, tímaáætlun

- Við Hringbraut rísi ný hús, alls um 66.000 fermetrar, þar sem verði slysa- og bráðamóttaka, skurðstofur og gjörgæsla, legudeildir með 180 rúmum í einbýli og 80 herbergja sjúkrahótel.
- Gert er ráð fyrir að stór hluti núverandi húsnæðis við Hringbraut (53.000 fermetrar) verði gerður upp og nýttur áfram.
- Framkvæmdakostnaður er áætlaður 51 milljarður króna eða ríflega 600.000 krónur á fermetra. Þar af kosta nýbyggingar alls 33 milljarða króna, húsgögn og tæki 7 milljarða króna og endurbygging eldra húsnæðis 11 milljarða króna.
- Selja má eignir og lóðir Landspítala og nota andvirðið til að greiða hluta framkvæmdakostnaðar.

- Í nýrri tímaáætlun er gert ráð fyrir hönnunarsamkeppni vegna nýs spítala á síðari hluta árs 2009 og að úrslit hennar verði kynnt á fyrsta ársfjórðungi 2010. Jarðvinna geti hafist snemmsumars 2011 og framkvæmdir snemma árs 2012.

Verkefni norsku sérfræðinganna ...

Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala, óskaði eftir því að norsku hönnunar- og ráðgjafarfyrirtækin, sem hún þekkir vel til úr fyrra starfi sínu sem sjúkrahúsforstjóri í Osló, yrðu ráðin til þess að fara yfir núverandi áætlanir og hönnunarforsendur vegna nýs Landspítala og skila skýrslu um niðurstöður sínar. Hún fól sérfræðingunum að

- meta fyrirbyggjandi áform um nýtt sjúkrahús, einkum í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi.
- kanna hvort unnt væri að áfangaskipta framkvæmdum svo greiða mætti fyrir pólitískri ákvörðun um framhaldið.
- komast í botns í því hvað myndi kosta íslenskt samfélag að „gera ekkert“, þ.e. láta kyrrt liggja og búa áfram við núverandi aðstæður í rekstri Landspítala.

... og meginniðurstöður þeirra

1. Það er miklu dýrara að „gera ekkert“ en að ráðast í framkvæmdir.
2. Undirbúningsvinnan hingað til fær góða umsögn og staðfest er sú forsenda verkefnisins að miklir fjármunir sparist í rekstri með því að leggja af starfseminu í Fossvogi og sameina spítalareksturinn við Hringbraut.
3. Sameining er því forgangsmál og unnt er að áfangaskipta verkefninu þannig að hagkvæmni hennar skili sér strax.
4. Æskilegt er að hanna tiltekna byggingar með sveigjanleika í huga varðandi rekstur og fyrirkomulag þegar horft er til lengri framtíðar.

Kostnaðurinn sem fylgir því að „gera ekkert“

- Áætlað er viðhald bygginga, nauðsynlegar endurbætur húsnæðis og tækjakaup kosti um 30 milljarða króna á núvirði næstu fjóra áratugina, auk áframhaldandi rekstraróhagræðis sem metið er á yfir tvo milljarða króna á ári.
- Landspítalinn neitar sér um hagræðingu og sparnað sem sameining rekstrar skilar.
- Hvorki starfsaðstæður né faglegt umhverfi eru í takt við tímann. Ef að líkum lætur heyrast innan tíðar sífellt háværari kröfur frá sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum um að Landspítala verði sköpuð skilyrði og aðstæður sem hæfa þjóðarsjúkrahúsi í fremstu röð.

Óbreytt tengsl verkefnisins við Háskóla Íslands

Endurskoðaðar áætlanir um nýjan Landspítala breyta í engu áformum um uppbyggingu heilbrigðisvísindasviðs og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Ætlunin er að byggja þar yfir læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkrapjálfun, lyfjafræði, sálfræði, tannlækningar, matvæla- og næringarfræði, geislafræði og lífeindafræði auk starfsemi tilraunastöðvarinnar að Keldum. Norsku sérfræðingarnir gera ráð fyrir því að Læknagarður hafi hlutverki að gegna lengur en miðað var við í fyrri uppbyggingaráætlunum við Hringbraut.

Næstu skref

1. Val hönnuða með útboði eða samkeppni og samningur í framhaldinu við teymi arkitekta og verkfræðinga um hönnun sjúkrahússins. Áskilið er að hönnuðir séu í samstarfi við erlend fyrirtæki sem reynslu hafi af hliðsvæðum verkefnum og að bækistöð hönnunar verði í grennd við Landspítalalóðina. Áskilið er að lykilstjórnendur hönnunarvinnu tali og skrifi íslensku.
2. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir þarf að heimila heilbrigðisráðuneytinu og Landspítala að ljúka hönnuninni. Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir fjármunum til hönnunar nýs spítala.

Framkvæmd sem fær hjól atvinnulífsins til að snúast hraðar

- Meira en helmingur framkvæmdakostnaðarins er vinnulaun.
- Áætlað er að um 500-600 manns starfi við framkvæmdina, þar af 60-80 hönnuðir og verkfræðingar.
- Þetta verkefni hentar betur en flest eða öll önnur á vegum hins opinbera til að vinna gegn áhrifum efnahagskreppunnar vegna þess að
 - arkitektar og aðrir hönnuðir fá vinnu strax. Mikið atvinnuleysi er í þessum hópi.
 - störf skapast fyrir verktaka og fyrirtæki í byggingastarfsemi í framhaldinu.
 - strax og gefið verður grænt ljós á hönnunarsamkeppnina verður vart kærkominnar innspýtingar í atvinnulíf landsmanna. Áhrifanna gætir að sjálfsögðu enn fyrir og meira ef ákveðið verður að flýta framkvæmdum.

Nýr Landspítali er samfélagslegt forgangsverkefni vegna þess að

1. Þá fyrst er unnt að ná fram til fulls hagræðingu og sparnaði í rekstri sem sóst var eftir á sínum tíma við sameiningu Landspítala og Sjúkrahúsi Reykjavíkur.
2. við blasir að Íslendingar dragast aftur úr öðrum þjóðum og fjarlægjast ár frá ári skýr markmið laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40 frá 2007 um að „allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði....“

o Núverandi húsakostur stenst ekki kröfur um nútíma sjúkrahúsrekstur.

o Nauðsynleg endurnýjun tækja er erfiðleikum háð eða jafnvel ekki gerleg í núverandi húsakynnum sjúkrahússins.

o Sífelld erfiðara verður að fá sérmenntað fagfólk heim frá námi/starfi í útlöndum ef ekki verður boðið upp á nútímalegt umhverfi og starfsaðstæður á þjóðar- og háskólasjúkrahúsi landsmanna.

3. hann þjónar landsmönnum öllum og hefur við þá skyldur sem sífelld verður erfiðara að standa við á tímum sem auknar kröfur eru gerðar til heilbrigðisþjónustu og þjóðin eldist hlutfallslega.

o Nútímalegt háskólasjúkrahús er einskonar „móðurskip heilbrigðisþjónustunnar“ og nauðsynlegt sem slíkt en önnur sjúkrahús hafa hlutverki að gegna í héraði og skilgreindum hlutverkum að gegna í heilbrigðiskerfinu í heild.

4. Öryggi sjúklinga verður þannig betur tryggt og unnt er að veita þeim betri þjónustu, meðhöndlun og aðhlyningu og skapa starfsfólkinu mun betri aðstæður en ella.

o Sjúklingar verða að óbreyttu sendir í auknum mæli til útlanda til greiningar og meðferðar með tilheyrandi óþægindum, áhættu og kostnaði fyrir samfélagið.

Dæmi: svokallað PET scan er orðinn sjálfsgæður hluti af tæknibúnaði sjúkrahúss á borð við Landspítala, notað til dæmis við að greina umfang krabbameinsæxla og finna meinvörp fyrir en mögulegt er með öðrum aðferðum. Það er einfaldlega hvergi hægt að koma PET scan fyrir í núverandi húsakynnum Landspítala.

7. maí 2009

Marka þarf stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu:

Marka þarf stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi til næstu 10 eða 20 ára og það þarf að forgangsraða sagði Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítala, á ársfundi spítalans í gær. Nýtt háskólasjúkrahús er eitt fjögurra verkefna sem hún sagði brýnt að setja í forgang varðandi heilbrigðisþjónustuna.

Forstjórinn undirstrikaði að styrkja þyrfti Landspítala með byggingu nýs háskólasjúkrahúss, til að tryggja að hægt verði að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur, „að við veitum eina bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á í heiminum í dag“.



Aðalfundur LSH

„Ef ég fæ um þetta ráðið, þá siglum við,“ sagði Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra um byggingu nýs spítala í ávarpi sínu á aðalfundi Landspítalans í gær. Vék ráðherra m.a. að nýlegri kynningu á endurskoðuðum hugmyndum um byggingu nýs Landspítala og sagðist vera sammála þeim orðum forstjóra Landspítalans, að við hefðum ekki efni á að gera ekki neitt.

„Ég er sammála, en ég get engu lofað á þessu stigi, enda maðurinn í reynd nánast umboðslaus eins og sakir standa, þótt ég hafi hótad því að vera í embætti í tólf ár,“ sagði Ögmundur á léttu nótonum.

Ráðherra undirstrikaði að þær hugmyndir sem nú lögju fyrir um byggingu nýs sjúkrahúss væru skynsamlegar og hægt væri að færa gild rök fyrir því að ráðast í þær framkvæmdir, bæði í ljósi hagræðingar og atvinnupólitíkur. „Verði ég áfram í embætti mun ég tryggja að málið verði fært upp á vinnuborðið en ekki sett til hliðar. Það er nefnilega hárrétt hjá Huldu Gunnlaugsdóttur, forstjóra Landspítala Háskólasjúkrahúss að það dýrt og óskynsamlegt að leggja árar í bát,“ sagði heilbrigðisráðherra.

4. nóvember 2009

Verkefnisstjórn vegna fjármögnunar Landspítala skipuð:

Heilbrigðisráðherra tilkynnt um skipan verkefnisstjórnar vegna fjármögnunar nýs Landspítala við lok undirritunar viljayfirlýsingar milli heilbrigðisráðuneytisins fh. ríkisstjórnar og lífeyrissjóðanna í dag.

Hlutverk verkefnastjórnar verður fyrst og fremst að sjá um samskipti við þá sem fjármagna verkið, við skipulagsyfirvöld og að hafa umsjón með samningum við hönnuði.



Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra tilkynnir um skipan verkefnisstjórnar við lok undirritunar viljayfirlýsingarinnar.

Í verkefnisstjórninni eru:

Gunnar Svavarsson, fyrrv. alþingismaður, formaður
Egill Tryggvason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu
Gyða Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala
Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands
Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri á LSH, og
Vilborg Þ. Hauksdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu

4. nóvember 2009

Sameiginleg viljayfirlýsing Lífeyrissjóða og ríkisstjórnar um nýjan landspítala:

Fulltrúar tuttugu lífeyrissjóða, og heilbrigðis-, forsætis- og fjármálaráðherrar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, undirrituðu í dag viljayfirlýsingu um að hefja samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingu Landspítala við Hringbraut.

Yfirlýsingin sýnir fram á stuðning við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðugleika þess.

Viðkomandi lífeyrissjóðir eru með 83,22% af heildareignum lífeyrissjóða landsmanna.



Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra og Arnar Sigurmundsson, formaður Landsamtaka lífeyrissjóða undirrita viljayfirlýsinguna.

Framkvæmdir seint á árinu 2011

Gert er ráð fyrir því að sjálfar framkvæmdirnar hefjist á síðari hluta árs 2011 og standi fram á árið 2016. Strax á árinu 2010 verða til störf fyrir arkitekta og verkfræðinga við hönnunar- og undirbúningsvinnu en langflestir koma til með að starfa að framgangi verkefnisins á árunum 2013-2015 þegar framkvæmdir standa sem hæst.

Heildarkostnaður við nýbygginguna verður um 33 milljarðar króna. Þar við bætist áætlaður kostnaður við ýmsan búnað spítalans, 7 milljarðar króna, og kostnaður við endurbyggingu eldra húsnæðis, um 11 milljarðar króna. Ráðgert er að nýbyggingin verði alls 66.000 fermetrar í þremur meginhlutum:

- bráðakjarna með bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu og skurðstofum,
- legudeildum með 180 rúmum sem öll eru í einbýli,
- sjúklingahótelu með 80 herbergjum.

Vinnuafloppur á framkvæmdatíma nýbyggingarinnar er áætluð alls 2.644 ársverk.

Sjá nánar fréttatilkynningu frá Landssamtökum lífeyrissjóða og heilbrigðisráðherra 4. nóvember 2009.

11. desember 2009

Spítalaverkefnið komið á skrið að nýju:

„Það er mikill hugur í öllum sem koma að þessu verkefni,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður nýlega skipaðrar verkefnisstjórnar um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut en stefnt er að því að forval vegna hönnunar byggingarinnar verði auglýst á allra næstu vikum og þá má segja að verkefnið verði komið á skrið að nýju.

Viljayfirlýsingar forsætis-, fjármála- og heilbrigðisráðherra og lífeyrissjóða um fjármögnun og framkvæmdir við nýbyggingu Landspítala var undirrituð í nóvember síðastliðnum. Hún verður 66 þúsund fermetrar og áætlaður kostnaður við hana er 33 milljarðar króna. Þá er kostnaður við endurbyggingu eldra húsnæðis spítalans áætlaður 11 milljarðar og ráðgert er að 7-8 milljarðar fari í tækjakaup.

Beðið eftir heimild til að stofna undirbúningsfélag, Við framkvæmd verkefnisins er litið til aðferðafræði sem notuð var við byggingu Karolinska sjúkrahússins í Stokkhólmi og byggist á samspili einkafyrirtækja og hins opinbera,“ segir Gunnar Svavarsson og bætir við að þess sé nú beðið að Alþingi afgreiði heimild til stofnunar undirbúningsfélags sem standa muni fyrir hönnunarsamkeppninni og hönnunarútboði.



Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar



„Það teymi arkitekta og verkfræðinga sem verður hlutskarpast í samkeppninni vinnur með undirbúningsfélaginu að notendavinnu, frumdrögum og forhönnun sjúkrahússins. Undirbúningsfélagið stendur einnig fyrir undirbúningsframkvæmdum á spítalalóðinni en útboð á fullnaðarhönnun, byggingu, fjármögnun og rekstri bygginga nýs Landspítala fer fram þegar forhönnun er lokið, segir Gunnar.

Spítalinn eignast byggingarnar í framtíðinni

Varðandi fjármögnunina segir Gunnar að áformað sé að lífeyrissjóðirnir láni þeim aðila sem verði með lágsta tilboðið í byggingu sjúkrahússins, að því tilskyldu að viðkomandi aðili uppfylli skilyrði sem sett eru fyrir fjármögnuninni. Spítalinn muni síðan eignast umræddar byggingar í framtíðinni, að loknum löngum leigutíma.

„Við erum að gera okkur vonir um hönnunarsamkeppninni verði lokið um mitt næsta ár og forhönnun verkefnis ljúki um ári seinna, eða seinni hluta ársins 2011. Undirbúningsframkvæmdir gætu þá hafist um það leiti, eða jafnvel aðeins fyrr, og eiginlegar byggingarframkvæmdir ættu að geta geti hafist undir lok árs 2012 og á þeim að vera lokið árið 2016,“ segir Gunnar og klikkir út með því að þegar allt sé talið, sé áætlað að vinnuafspörfin vegna verkefnisins verði um 3.000 ársverk.

28. desember 2009

Forval vegna samkeppni um hönnun á nýjum Landspítala:

Ríkiskaup hafa auglýst eftir teyimum sérfræðinga til að taka þátt í forvali vegna fyrirhugaðrar hönnunarsamkeppni um skipulag lóðar Landspítala og Háskóla Íslands við Hringbraut og frumhönnunar nýbyggingar Landspítala. Tilkynningu um þátttöku þarf að skila til Ríkiskaupa eigi síðar en mánudaginn 15. febrúar 2010.



Hönnunarsamkeppnin tekur til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut og útfærslu á 66 þúsund fermetra nýbyggingu þar og er gert ráð fyrir að það teymi sem verður hlutskarpast í samkeppninni vinni að hönnun verkefnisins fram að einkaframkvæmdarútboði, og starfi að því loknu við verkefnisstjórn og hönnunarrýni með verkkaupa.

Allur kostnaður við þátttöku í forvalinu er á kostnað og ábyrgð umsækjenda. Forvalið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu en tungumál forvalsins, hönnunarsamkeppninnar og frumhönnunarverkefnisins að lokinni samkeppninni er íslenska. Í því felst m.a. að allir fundir fara fram á íslensku og öll gögn verða á íslensku. Jafnframt er gerð krafa um að allir lykilmenn hönnunarteymanna tali og skrifi góða íslensku.

Stefnt er að því að kynna niðurstöðu forvalsins þann 22. febrúar 2010 og afhenda samkeppnisgögn vegna hugmyndasamkeppninnar í byrjun marsmánaðar. Skilafrestur í samkeppninni er áætlaður 7. júní 2010, úrslit ættu að liggja fyrir í júlíbyrjun og stefnt er að því að samningur við frumhönnunarteymi verði tilbúinn í ágústbyrjun 2010.

12. mars 2010

Keppnislýsing afhent:

Heilbrigðisráðherra hefur skipað dómnefnd vegna samkeppni um nýjan Landspítala sem hófst formlega í dag þegar Ríkiskaup afhentu keppnisgögn hönnunarteymunum fimm sem urðu hlutskörpust í forvali um verkefnið. Keppnistillögurnar eiga að liggja fyrir 10. júní 2010 og niðurstaða dómnefndar verður kynnt 9. júlí 2010. Samkeppnin tekur annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild og hins vegar til útfærslu á 66 þúsund fermetra nýbyggingu spítalans. Hluti af verkefninu verður einnig að skoða frumhönnun á 10.000 fermetra byggingu fyrir Háskóla Íslands.

Ríkiskaup afhentu í dag keppendum í samkeppni um frumhönnun um nýjan Landspítala keppnisgögn en undanfarna mánuði hefur verið unnið að keppnislýsingu í kjölfar viljayfirlýsingar við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmdarinnar.

Fimm hönnunarteymi, sem valin voru eftir forval í febrúar sl. hefjast nú handa og þurfa að skila niðurstöðum þann 10. júní nk. Í teymunum fimm eru íslenskir sérfræðingar á byggingarsviði og flestar stærstu arkitekta- og verkfræðistofur landsins munu taka þátt í þessari samkeppni um frumhönnun nýs Landspítala við Hringbraut.

Níu manna dómnefnd skipuð

Heilbrigðisráðherra hefur skipað 9 manna dómnefnd og eru eftirtaldir aðilar í dómnefndinni: Guðrún Ágústsdóttir, fv. forseti borgarstjórnar og formaður skipulagsnefndar Reykjavíkur, sem er formaður dómnefndar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson forseti borgarstjórnar. Tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands eru Finnur Björgvinsson FAÍ, Sigríður Ólafsdóttir FAÍ og Jakob Líndal FAÍ. Tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands er Aðalsteinn Pálsson verkfræðingur. Tilnefnd af Háskóla Íslands er Sigurlaug Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs, og tilnefnd af Landspítala eru þau Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, og Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga. Ritari dómnefndar er Ásdís Ingbórsdóttir arkitekt.

Niðurstaða dómnefndar verður kynnt 9. júlí nk. og gert er ráð fyrir að það hönnunarteymi sem verði hlutskarpast hefji strax formlega vinnu við frumhönnunina. Þá er einnig gert ráð fyrir að það teymi sem verður hlutskarpast í samkeppninni starfi að lokinni frumhönnun við verkefnisstjórn og hönnunarrýni með verkkaupa, íslenska ríkinu.

Meginforsendur hönnunarsamkeppninnar

Meginforsenda hönnunarsamkeppninnar er að ljúka sameiningu stóru spítalanna á höfuðborgarsvæðinu þannig að starfsemi Landspítala í Fossvogi flytji á Hringbraut. Samkeppnin er tvíþætt og tekur annars vegar til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut í heild og hins vegar til útfærslu á fyrsta áfanga þess sem er spítalastarfsemi í 66 þúsund fermetra nýbyggingu sem skiptist í þrjá meginhluta:



Gunnar Svavarsson, formaður verkefnisstjórnar nýs Landspítala, Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra og Guðrún Ágústsdóttir, formaður dómnefndar.

- Bráðakjarna með bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu, skurðstofum og rannsóknarstofum.
- Legudeildir með 180 rúmum sem öll eru í einbýli.
- Sjúklingahótel með 80 herbergjum.

Þá er einnig hluti af verkefninu að skoða frumhönnun á 10.000 fermetra byggingu fyrir Háskóla Íslands, sem tengist starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Tilraunastöðvar HÍ í meinafræðum að Keldum.

Við mat á innsendum lausnum verður m.a. litið til arkitektúrs, ytra- og innra skipulags, áfangaskiptingar, sveigjanleika, tækni og tækniherfa, umhverfissjónarmiða, byggingarkostnaðar, rekstrarkostnaðar bygginga og heildarhagkvæmni starfseminnar. Er ráðgert að sá þáttur vegi 85% af heildareinkunn en tilboð í hönnunarþóknun vegi 15%.

Áætlaður kostnaður við nýbyggingu Landspítalans er um 33 milljarðar króna á verðlagi í mars 2009. Standa vonir til að framkvæmdir við hana geti hafist sumarið 2011 og er áætlað að þær standi fram á árið 2016.

15. júní 2010

Nýr Landspítali ohf,:

Opinbert hlutafélag sem standa mun að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala við Hringbraut tekur til starfa 1. júlí næstkomandi í kjölfar þess að Alþingi samþykkti fyrir helgi frumvarp fjármálaráðherra um stofnun félagsins. Markmiðið er síðan að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.



Góð samstaða var um [afgreiðslu málsins á Alþingi](#) og var einungis ein veigamikil breyting gerð á frumvarpinu í meðförum þingsins. Hún lítur að því að leigusamningar sem fela í sér endurgreiðslu kaupverðs og þóknun til leigusala verða lagðir fyrir fjárlaganefnd og Alþingi áður en verkefninu verður endanlega hleypt af stokkunum. Markmiðið með þessu er að þingið geti lagt mat á hvort þær forsendur sem lagt var upp með standist og skal því leita samþykkis Alþingis með almennum lögum fyrir undirritun samninga að loknu útboði. Ekki verði því heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en Alþingi hefur heimilað þær með lögum.

Áætlanir gera ráð fyrir að heildarkostnaður við verkið verði um 51 milljarður króna, þar af um 33 milljarðar króna til nýbygginga og 7 milljarðar króna í tækja- og búnaðarkaup. Auk þess er gert ráð fyrir að 11 milljarðar króna fari í endurbætur á núverandi húsnæði spítalans við Hringbraut sem nýtt verður áfram undir rekstur hans en ekki verður farið í þær endurbætur fyrr en nýbyggingin er tilbúin.

9. júlí 2010

Vinningstillaga Spítal kynnt:

Hönnunarteymið SPITAL varð hlutskarpast í samkeppni um áfangaskipt heildarskipulag fyrir nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut og frumhönnun 1. áfanga nýja spítalans og tengdrar háskólastarfsemi. Niðurstaða dómnefndar var kynnt við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi í dag. Í SPITAL teyminu eru ASK arkitektar, Bjarni Snæbjörnsson arkitekt, Kanon arkitektar, Medplan, Teiknistofan Tröð, Landark, Efla verkfræðistofa, Lagnatækni og Norconsult.



27. ágúst 2010

Samningur við Spítal:

Gengið hefur verið frá samningi um frumhönnun og gerð alútbodsgagna milli SPITAL hópsins, sem bar sigur úr bítum í sumar í hönnunarsamkeppni um nýjan Landspítala, og hlutafélagsins *Nýr Landspítali ohf.*, sem stofnað var í vor til að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Samkomulagið, sem undirritað var í dag að viðstöddum heilbrigðisráðherra, rektor Háskóla Íslands og forstjóra Landspítalans, tekur til deiliskipulags af Landspítalalóðinni, ásamt umhverfismati áætlana og frumhönnun nýbygginga samkvæmt vinningstillögu SPITAL í hönnunarsamkeppninni – og nær frumhönnunin til meðferðarkjarna, rannsóknastofuhúss, sjúkrahótels, háskólabygginga og bílastæðahúss. Þá tekur samkomulagið einnig til tenginga nýbygginga við eldri byggingar með undirgöngum og brúm, bæði fyrir umferð og flutninga, sem og til grunnuppbyggingar tæknikerfa samkvæmt gildandi kröfum og tenginga nýrra og eldri kerfa. Jafnframt tekur samkomulagið til gerðar arkitekta- og verkfræðipátta í útboðsgögnum fyrir alútbod og verklýsingar sem er nægjanlega langt unnin fyrir slíkt alútbod.



Arinbjörn Friðólfsson, stjórnarformaður SPITAL hópsins og Gunnar Svavarsson, stjórnarformaður hlutafélagsins Nýr Landspítali ohf undirrituðu samninginn. Ljósmynd: Hreinn Magnússon

4. mars 2011

Vinna við deiliskipulag nýs Landspítala komin vel á skrið:

Vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar nýs Landspítala við Hringbraut er nú unnið að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Samhliða er unnið að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Verkefnislýsingar um hvernig staðið verður að skipulagsgerðinni og umhverfismati þeirra hafa verið lagðar fram hjá Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Nýtt deiliskipulag Landspítalareitsins er byggt á vinningstillögu SPITAL í samkeppninni um frumhönnun spítalans og er stefnt að auglýsingu deiliskipulagsins í

apríl eða maí á þessu ári. Með nýju skipulagi mun falla úr gildi skipulag Landspítalalóðar frá 1976 með síðari breytingum. Breytingar verða einnig gerðar á deiliskipulagi Hringbrautar frá 2006 og afmörkun deiliskipulags Smáragötureits frá 2008 endurskoðuð, ef þörf krefur.



Lóðin afmarkast af umferðargötum á alla vegu, nýrri Hringbraut að sunnar, af Barónsstíg og Eiríksgötu að vestan og norðan og Snorrabraut að austan. Núverandi lóð spítalans (A) er um 7,6 hektarar og ný lóð (B) ríflega 8 hektarar en afmörkun fyrir deiliskipulagið er heldur meiri vegna breytinga á Hringbrautarskipulagi (Barónsstígur) og Smáragöturéit (Einarsgarður).

Hátt í 20 hektarar undir í deiliskipulagsvinnunni

Skipulagssvæðið er í heild um 18 hektarar og er miðað við að þegar uppbyggingu á lóðinni austan Barónsstígs er lokið verði byggingar Landspítala og Háskóla Íslands á svæðinu samtals um 200-220 þúsund fermetrar. Í fyrsta byggingaráfanga er um 80-90 þúsund fermetra að ræða en núverandi heildarbyggingarmagn Landspítala og Háskóla Íslands á svæðinu austan Barónsstígs er rúmlega 73 þúsund fermetrar.

Fram kemur í skipulagslýsingu að byggingar spítalans eigi sem áberandi kennileiti í borginni að skapa viðeigandi auðkenni fyrir starfseminu og falla vel að umhverfinu. Tillit verði jafnframt tekið til byggðar og byggðamynsturs í aðliggjandi hverfum og nýbyggingar felldar að núverandi byggingum og fyrirhuguðu skipulagi. Miðað verði við að byggja svæðið upp í áföngum og áhersla lögð á að hver áfangi geti staðið sjálfstætt, jafnframt því sem tillit verði tekið til þess að núverandi starfsemi á lóðinni þarf að vera í fullum rekstri á meðan á byggingarframkvæmdum stendur.

Umhverfismat

Þrátt fyrir að deiliskipulag nýs Landspítala sé ekki matsskylt samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana hefur samt sem áður verið ákveðið að vinna slíkt umhverfismat sökum umfangs og staðsetningar verkefnisins. SPITAL hópurinn hefur umsjón með matsvinnunni og er í þeirri vinnu stuðst við leiðbeiningar

Skipulagsstofnunar en mat verður lagt m.a. á eftirtalda umhverfisþætti:

- Umferð, aðgengi og bílastæði.
- Öryggismál og áhættumál.
- Loftgæði.
- Hljóðvist.
- Grunnvatn og grunnvatnsstrauma.
- Ásýnd.
- Skuggamyndun og vindafar.
- Húsvernd og hverfisvernd.
- Aðföng og meðferð og förgun á sorpi.

Áhersla er lögð á samráð við hagsmunaaðila í deiliskiplagsvinnunni og verður umhverfismat áætlunarinnar m.a. kynnt sérstaklega á kynningar- og samráðsfundum samhliða deiliskipulagstillögunni. Þannig er opin kynningarfundur um deiliskipulagstillöguna ráðgerður á næstunni og frekari kynningar og samráðsfundir eru á dagskrá síðar á árinu en stefnt er að því að hægt verði að staðfesta nýtt deiliskipulag síðsumars eða í haust, nánar til tekið í ágúst eða september.

Breytingar á aðalskipulagi og svæðisskipulagi

Samhliða vinnu við nýtt deiliskipulag spítalans er unnið að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og svæðisskipulagi höfuðborgarinnar fyrir sama tímabil. Breytingarnar eru tvíþættar og fela annars vegar í sér að fella út áform um Holtsgöng undir Skólavöruholt og hins vegar að auka byggingarmagn á spítalalóðinni.

Í drögum að verkefnislýsingu kemur m.a. fram að áformuð staðsetning gangamunna Holtsganga samræmist ekki fyrirbyggjandi hugmyndum um uppbyggingu á spítalalóðinni. Jafnframt er vakin athygli á því að miðað við fyrirbyggjandi umferðarútreikninga muni Holtsgöng sennilega ekki valda afgerandi breytingum á umferðarstraumum á miðborgarsvæðinu og því álitamál hversu góður kostur göngin yrðu fyrir umferð til og frá miðborginni. Varðandi byggingarmagn á lóð spítalans kemur fram í verkefnislýsingunni að það sé vanáætlað í aðalskipulaginu og lauslega áætlað muni brúttónýting aukast um 11%.

Umræddar breytingar á aðalskipulaginu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verða kynntar og auglýstar samhliða breytingum á deiliskipulagi Landspítalalóðarinnar.

Staðan og næstu skref:

Auk vinnu við deiliskipulagsgerð eins og hér hefur komið fram er unnið að forhönnun meðferðarkjarna sem er 49.000 m² (bráðamóttöku, myndgreiningu, gjörgæslu, skurðstofum og legudeildum með 180 rúmum í einbýli) og rannsóknarhúss sem er 13.000 m² og 80 herbergja sjúkrahótel sem er 4.000 m² eða samtals 66.000 m². Auk þess er unnið að forhönnun um 8.000 m² byggingar austan við læknagarð fyrir Háskóla Íslands. Þá er unnið að forhönnun bílstæðahúss fyrir 500 bíla. Einnig er að hefjast hönnunarvinna vegna undirbúningsframkvæmda á lóð.

Áætlaður framkvæmdakostnaður á verðlagi í dag er um 45 milljarðar króna.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að bjóða út sjúkrahótel, bílastæðahús og undirbúningsframkvæmdir á lóð í haust, að því gefnu að deiliskipulag verði samþykkt og að fyrir liggi heimild Alþings til útboðs.

Samkvæmt samningi við ráðgjafa eiga alútbóðsgögn vegna meðferðarkjarna og rannsóknarhúss að vera tilbúin í byrjun febrúar 2012.

Í dag vinna við verkefnið um 25-30 manns að jafnaði og að auki koma að verkefninu um 100 starfsmenn Landspítala og Háskóla með vinnu í notendahópum.

Bygginganefnd og verkefnisstjórn verkefnisins hefur lagt á það ríka áherslu að halda sér innan ramma frumáætlunar hvað varðar stærðir bygginga og kostnað. Ráðgjafar vinna eftir því sem hönnun miðar, kostnaðaráætlun sem byggir á forhönnunargögnum og á að gefa raunhæfa mynd af framkvæmdakostnaði. Verða forhönnunargögn og kostnaðaráætlanir rýnd af óháðum aðilum.

Landspítali hefur ákveðið að fá erlenda sérfræðinga til að yfirfara og endurmeta áætlanir um þann ávinning sem felst í sameiningu spítalans á einn stað.

Þessi gögn verða öll lögð fyrir Alþingi þegar það kemur til með að fjalla um leyfi til að bjóða verkið út.

Markmið verkefnisstjórnar er að þar verði kynnt verkefni sem er hagstæðasti valkosturinn fyrir Landspítala, skili þeim sparnaði sem að var stefnt, auki gæði og öryggi þjónustunnar við sjúklinga og að Landspítali verði eftirsóttur vinnustaður í samkeppni um bestu sérfræðingana og annað hjúkrunarfólk.

Reykjavík, 5. mars 2011

Stefán B Veturliðason, verkefnisstjóri.